

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu bygginarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

### III. KAFLI

#### 11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseigenda. Htaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlunum um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi hitaveitunnar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 282/1983 og birtist til efturbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Fjarhitunar Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979, með síðari breytingum.**

### II. KAFLI

3. gr. 1. málsg. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 26,10 fyrir hvern rúm-metra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 0,57 kr/kWh. miðað við hitafall 40° C.

6. gr. orðist þannig:

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

- |  |            |
|--|------------|
| a. fyrir mæla allt að 3/4" .....                   | kr. 148,00 |
| b. fyrir mæla allt að 2" .....                     | kr. 296,00 |
| c. fyrir mæla allt að 3" .....                     | kr. 591,00 |
| d. fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald. |            |

## III. KAFLI.

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald, sem skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss

(utanmál) m<sup>3</sup>

Heimæðargjald

Allt að 400kr. 24,300,00.

400— 2 000kr. 24 300,00 fyrir 400 m<sup>3</sup> + 19,30 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.

2 000— 6 000kr. 55 200,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> + 16,40 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.

6 000—10 000kr. 121 000,00 fyrir 6 000 m<sup>3</sup> + 14,60 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.

meira en 10 000kr. 179 000,00 fyrir 10 000 m<sup>3</sup> + 12,70 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

a. fyrir mæli allt að  $\frac{3}{4}$ " ..... kr. 3 650,00

b. fyrir mæli allt að  $1\frac{1}{2}$ " ..... kr. 7 300,00

c. fyrir mæli allt að 3" ..... kr. 14 600,00

10. gr. orðist þannig:

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1774 stig.

13. gr. 3. málsg. orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 296,00 fyrir hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Rangæinga.

1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.